

ANTIKA EHF 2021

Fornleifaskráning vegna Helgadalsvegar 60 í Mosfellsbæ

Ragnheiður Traustadóttir





Mynd 1 Skráningarsvæðið svæði næst Helgadalsvegi.

Forsíðumynd: Skráningarsvæðið neðra svæði.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-9551-6-6

Höfundar tóku ljósmyndir í ritinu nema annað sé tekið fram

@ Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Fornleifaskráningar	4
Skráningarsvæðið	5
Tilgangur fornleifaskráningar	5
Helgadalur	8
Samantekt og niðurstöður.....	9
Heimildir	10
Örnefnalýsing	10

Inngangur

Að beiðni Jens Páls Hafsteinssonar og Hrefnu Guðmundsdóttur eigenda að landi í Helgadal þar sem unnið er að deiliskipulagi, tók Ragnheiður Traustadóttir fyrir hönd Antikvu ehf., að sér fornleifaskráningu á lóðinni vegna fyrirhugaðra deiliskipulags.

Skipulagsreiturinn er staðsettur vestan við Helgudalsveg og um 500 m norðan við býlið Helgadal. Fornleifar eru ekki sýnilegar á yfirborði í reitunum og heimildir greina ekki frá byggð né heldur benda örnefni eða frásagnir til fornleifa.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimilda- og vettvangskonun.

Skýrsluhöfundur sá um vettvangsvinnuna en svæðið var gengið 5.febrúar sl.

Fornleifaskráningar

Saga Helgadals er rakin í skýrslunni *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ* sem var gefin út árið 2006. Sú skýrsla var unnin upp úr eldri skráningargögnum en skipuleg skráning fornleifa í Mosfellsbæ hófst árið 1980 og var fyrsta skráning sinnar tegundar á Íslandi.¹ Árið 2006 voru mælingatæki ekki jafn nákvæm og í dag og stenst skráningin því ekki að öllu leyti þær kröfur sem gerðar eru núna; því þurfti að gera könnun á skipulagsreitnum í landi Helgadals sem hér um ræðir.

¹ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 92-111.



Mynd 2 Skráningarsvæðið er reiturinn sem eru rauður á kortinu merkt 229080.

Skráningarsvæðið

Um er að ræða byggingareit nr. 229080 sem er 5 ha landspilda og er landið að mestu tún og hefur landið verið ræst fram. Landið liggur vestan við Helgadalsveg og 500 m norðan við bæinn Helgadal. Reiturinn er innan hinna fornu landamarka Helgadals.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgangið eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirlönd hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-,

húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirlögin skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum.

Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Helgadalur

Helgadalur er gömul jörð en í Helgadal hefur verið búið frá því á miðöldum en hans er fyrst getið 1395 í skrá um jarðir sem koma undir Viðeyjarklaustur í tíð Páls Magnússonar ábóta (1378-1403): „Helgadalvr xijc“.² Jörðin „Helgedall“ er svo orðin konungseign þegar minnst er á hana í Fógetareikningum árána 1547-1552.³ Jörðin heyrði undir konung við jarðaskráningu Árna og Páls árið 1704, þá voru tveir tveir ábúendur.⁴ Árið 1847 er hún hins vegar komin í bændaeign og býr á henni einn leiguliði.⁵

² Dipl. Isl. III, bls. 598

³ Dipl. Isl. XII

⁴ Jarðabók Árna og Páls III, bls. 319-20

⁵ J. Johnsen, bls. 95

Enn er búið á jörðinni. Í landi Helgadals hafa verið skráðar 32 fornleifar en engin þeirra á þessu svæði.⁶

Samantekt og niðurstöður

Engar fornleifar voru skráðar á skipulagsreitnum. Gengið var um allt svæðið en fornleifar fundust ekki. Heimildir greina heldur ekki frá byggð þar né heldur benda örnefni eða frásagnir til fornleifa.

Ekki er þó víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

⁶ Fornleifaskráning í Mosfellsbæ 2006. Bls.35-42.

Heimildir

Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2006.

Dipl. Isl.: Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf, gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenzka menn. Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857 og áfr.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálalabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890. Þjóðskjalasafn Íslands.


Örnefnalýsing

Ólafur Þórðarson frá Æsustöðum. Örnefnalýsing Helgadals, skráð 1968 sem endurbót á lýsingu Ara Gíslasonar og aftur endurbætt 22. sept. 1983.



Skráningarsvæði í Helgadal

0 40 80 160 240 320 metrar



Kort
Nr 1

Antikva ehf.

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

Skráning: 05.02.2021

Dagsetning: 06.02.2020